

Kópavogi, 13.12.2017

Tilvísun: 2017-2893

Efni fundar: Fundur með fagráði náms og gæðamats
Fundarmenn: Anna Lind Pétursdóttir, Fjóla Þorvaldsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Gunnhildur Steinarsdóttir, Jón Pétur Zimsen, Sigurgrímur Skúlason, Sverrir Óskarsson.
Fjarverandi: nöfn í stafrófsröð
Fundarritari: Gunnhildur Steinarsdóttir/Sverrir Óskarsson

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Undirbúningur og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í september 2017.
3. Undirbúningur samræmdra könnunarprófa í mars 2018
4. Kynning á niðurstöðum Lesferilsprófa og nýju birtingarformi.
5. Sagt verður frá væntanlegri vinnu við matsviðmið.
6. Önnur mál.

Umræður og ákvarðanir:

Sverrir opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Farið var yfir dagskrá síðasta fundar þar sem fundargerðin var ekki til staðar.

Fundur fagráðs

Rætt var um hve oft fagráðið skildi funda. Nefndarmenn voru á því að funda að minnsta kosti tvisvar á ári. Var því ákveðið að funda árlega í lok janúar, í maí og einn fundur að hausti. Fundargestir sögðu að það mætti kalla þá til auka fundar ef þess þarf. Þá var lagt til að dagskrá yrði send út minnsta kosti tveimur vikum fyrir fund. Þannig geti fagráðið undirbúið sig og rætt við sitt bakland.

Umræða um frétt fyrir á árinu

Fagráðið gagnrýndi frétt Menntamálastofnunar frá því fyrir á árinu 2017 þar sem sagt var að „að höfðu samráði við fagráð matssviðs“ hafi verið tekin sú ákvörðun að ritun yrði færð úr samræmdum könnunarprófum í Lesferil. Þetta hafi ekki verið þeirra ákvörðun og benda á að fréttin hafi verið villandi. Það þurfi að vera ljóst í slíkum fréttáflutningi að ákvörðunin sé alltaf stofnunarinnar, ekki fagráðs þótt fyrirhugaðar ákvarðanir hafi verið bornar undir fagráðið. Mikilvægt er að það komi fram ef um skoðanamun er að ræða.

Fram kom hjá Fagráðinu að stundum væri Menntamálastofnun kennt um þætti sem væru alls ekki á þeirra könnu eða ábyrgð. Mikilvægt væri að leiðrétta þetta svo unnt væri að bæta ímynd stofnunarinnar.

Nýr fulltrúi í fagráðið

Ákveðið var að finna nýjan fulltrúa sveitarfélaganna í stað Margrétar Halldórsdóttur sem sagði sig úr ráðinu fyrr á árinu. Stungið var upp á að nýr fulltrúi ætti að vera karlkyns sé því viðkomið til að gæta að hlutfall kynja sé sem jafnast, en nú eru þrjár konur og einn karlmaður í ráðinu. Sverrir mun athuga hvort að Menntamálastofnun beri skylda til að auglýsa eftir tilnefningum.

Samræmd könnunarpróf

Sagt var frá framkvæmd samræmdra könnunarprófa í september og október 2017. Sagt frá könnun sem var gerð meðal skólastjóra og þar kom fram almennt sátt við prófin og fyrirlögn þeirra. Sagt að stuðningsúrræði byggist á lengri próftíma og möguleika á lesnum spurningum (hljóð files). Fram kom að kringum 40% væru að sækja um stuðningsúrræði og það ferli hafi gengið vel.

Talað um próftíma í prófunum hjá 4. og 7. bekk.

Fagráðið sagði að það hafi lítið sem ekkert heyrt af óánægju með samræmdu könnunarprófin og ekki komið fram mikið af athugasemdum varðandi ferlið núna. Farið var yfir misskilning tengdum sýnisprófinu en mikilvægt er að bæta ferlið. Mikilvægt er að skoða hvernig verkefni í samræmdum könnunarprófum endurspeglast í matsviðmiðum aðalnámskrá.

Fram kom að nokkrir foreldrar hafi kært til úrskurðarnefndar um upplýsingamál að þeir hafi ekki fengið að sjá raunverulegt próf heldur sýnispróf. Leið til að bregðast við þessu er að hafa prófsýningu á ákveðnum tíma þar sem ekki er leyft að skrifa hjá sér dæmi eða taka myndir. Þannig væri hægt að varðveita prófatriði.

Rætt um raðeinkun og hæfnieinkunn – hvernig þær voru með ólíkum próffræðilegum eiginleika. Umræður sköpuðust meðal kennara að einkunnur voru gefnar í tölum í 4. og 7. bekk en aðalnámskrá byggist á bókstöfum. Ástæða þess að svo var er að það vantar skýr matsviðmið fyrir 4. og 7. bekk og því erfitt að gefa í bókstöfum. Mikilvægt er að gera gangskör í að lagfæra þetta.

Rætt um matsviðmið í 9. bekk og hæfniviðmiðin sem liggja þar til grundvallar m.t.t. nemenda sem ætla að útskrifast í lok 9. bekkjar. Rætt var um námsmat í 10. bekk og hvernig er gert námsmat á ólíkum þáttum hæfniviðmiða. Mikilvægt er að fá skýrari verklagsreglur frá ráðuneytinu í tilvikum sem þessum og ákveða hvaða líkani á að fylgja. Þá er mikilvægt að endurskoða matsviðmið sem fyrst t.d. er brýnt að skoða þau í náttúrufræði og samfélagsfræði fyrir 10. bekk.

Prófin sem verða hjá 9. bekk í mars 2018.

Undirbúningur fyrirलग्नar samræmdra könnunarprófa 2018 er hafinn. Starfsfólk MMS er að klára frágang á prófum og unnið sé að kynningaráætlun. Verið er að vinna þrjú stærri æfingapróf, þrjú alvöru próf og þrjú sýningarpróf. Bent var á mikilvægi þess að spurningar og verkefni prófanna yrðu samin með matsviðmið að leiðarljósi. Einnig er verið að skoða uppsetningu á sýnisprófum og hvernig þau birtast í Skólagátt. Þessi leið hugnast fagráðinu vel.

Matsviðmið

Umræður voru um vinnu við matsviðmið. Sverrir sagði að fyrir skömmu hafi formleg beiðni borist frá ráðuneytinu þess efnis að Menntamálastofnun tæki vinnu við matsviðmið að sér. Stofnunin fær fjármagn til þess að klára matsviðmið fyrir íslensku, stærðfræði og tungumál og hugmyndir að þetta verði klárað í maí 2018 en þetta ekki ljóst á þessu stigi. Fulltrúar fagráðs bentu á það væri sérstaklega aðkallandi að matsviðmið í náttúrufræði og stærðfræði fyrir 10. bekk yrðu gerð. Það væri skylda skólanna að fara eftir þeim og þau þyrftu að vera í lagi. Velt var upp hvort ekki skapaðist vandi við að sami aðili semji viðmið og meti námsárangur.

Kynning á niðurstöðum Lesferilsprófa var frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 11:45

Næsti fundur:

Miðvikudaginn 31. janúar 2018 kl. 8:30.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: GS/SÓ